

Nd.

431. Frumvarp

til laga um viðauka og breyting á lögum nr. 44, 30. júlí 1909 um aðflutningsbann á áfengi.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Heimilt skal stjórnanda eða eiganda iðnaðarfyrtækis, efnarannsóknarstofu, náttúrugripasafna eða annara slíkra stofnana, að flytja frá útlöndum vínanda og annað áfengi til iðnþarfa og verklegra nota í stofnuninni. Svo skal og heimilt, að flytja til landsins vínanda, sem ætlaður er til eldsneytis. Lyfsólum og héraðslæknum skal og heimilt, að flytja til landsins vínanda þann og annað áfengi, sem læknar telja nauðsynlegt til lækninga. Enn skal smáskamtalæknum heimilt, að flytja frá útlöndum smáskamtalyf með vínanda í, ef pöntun þeirra fylgja meðmæli hlutaðeigandi lögreglustjóra og sóknarprests. Að lokum skal próföstum þjóðkirkjunnar og forstöðumönnum annara kirkjudeilda heimilt, að láta flytja frá útlöndum messuvín, er nauðsynlegt sje til altarisgöngu, þó í því sje meira af vínanda en $2\frac{1}{4}\%$ að rúmmáli.

2. gr.

Í 4. gr. nefndra aðflutningsbannlaga aftan við orðin: »þeim efnun, er gera það óhæft til drykkjar«, bætist inn í:
ef það er unt.

3. gr.

Ekkert íslenskt skip má flytja nokkurt áfengi til landsins, nema um það áfengi sje að ræða, er fara á til umsjónarmanns áfengiskaupa.

Nú kemur erlent skip frá útlöndum, og er þá skipstjóra skylt að tilkynna lögreglustjóra, um leið og hann sýnir skipsskjölin, hvort nokkuð áfengi sje í skipinu, og þá hve mikið.

Nú heflr skipið áfengi frá útlöndum, er ekki á að fara til umsjónarmanns áfengiskaupa, og skal lögreglustjóri þá á hinni fyrstu höfn, er skipið kemur til, setja embættisinnsigli sitt fyrir hið aðflutta áfengi, og ábyrgist skipstjóri, að engu áfengi sje skotið undan innsiglan og að innsigli sjeu ekki brotin eða af áfenginu tekið fyr en skipið er alfarið frá landinu, enda gangi lögreglustjóri úr skugga um það, áður en skipið lætur úr síðustu höfn, að innsiglin sjeu heil og ekkert hafi verið tekið af áfenginu. Þó má skipið hafa til næstu hafnar hæflegan skipsforða af áfengi óinnsiglaðan, en aldrei má gefa eða selja af þeim forða öðrum en skipverjum.

Rannsaka skal lögreglustjóri jafnan á fyrstu höfn, hvort áfengi er í skipi, hvort heldur skipið er íslenskt eða erlent.

Skipstjóri ber ábyrgð á brotum skipverja gegn þessari grein.

Fyrirmæli þessarar greinar ná ekki til herskipa.

Sleppa má rannsókn og innsiglan í erlendum fiskiskipum, sem koma hingað í höfn eða að landi snöggvast, ef lögreglustjóri telur það hættulaust.

4. gr.

Nú er maður ölvaður á almannaferi, og raskar ró og almannafríði, eða er ósjálfbjarga, og má þá taka hann fastan, en ekki má hafa hann í haldi lengur en þörf krefur. Svo má og láta hann sæta sektum frá 10 til 100 krónur.

Skylt er hverjum ölvuðum manni að gera fyrir dómara grein fyrir því, hvernig hann hafi fengið áfengi það, er hann hefir ölvaður af orðið. Geri hann það ekki, skal hann talinn brotlegur gegn 1. gr. laga nr. 44, 30. júlí 1909.

5. gr.

Nú verður það uppvíst, að einstakir menn hafa áfengi í vörslum sínum, sem ekki hefir verið sagt til samkvæmt því, sem ráð er fyrir gert í 11. gr. nefndra laga, innan 12 vikna eftir að lög þessi öðlast gildi, og skal þá líta svo á, að þeir hafi gerst brotlegir gegn 1. gr. oftgreindra laga frá 1909.

Stjórnarráðið sjer um, að í hverri sveit og kaupstað sjeu til eyðublöð undir framtal vínbirgða, til þess að birgðirnar verði sundurliðaðar greinilega.

Heimilt er lögreglustjóra að skoða eða láta umboðsmann sinn skoða vínbirgðirnar.

Lögreglustjóri skal, hver í sínu umdæmi, auglýsa ákvæði þessarar greinar, á þann hátt, sem gerist um opinberar auglýsingar, í síðasta lagi 8 vikum áður en umgetinn frestur er liðinn.

6. gr.

Brot gegn 2. gr. laga þessara varða sektum sem brot gegn 1. gr. oftnefndra aðflutningsbannlaga. Áfengi er íslensk skip flytja til landsins, að fráteknunni því áfengi, er fara á til umsjónarmanns áfengiskaupa, skal upptækt og er eign lands-sjóðs.

7. gr.

2. og 5. gr. laga nr. 44, 30. júlí 1909, eru úr gildi feldar.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og annast Stjórnarráðið um, að þau sjeu kunnger öllum lögreglustjórum landsins jafnskjótt.